



Hrafnhildur Hauksdóttir

MS-ritgerð: Ávísun lyfjameðferða eftir mismunandi svipgerðum hjartabilunar við útskrift á hjartadeild Landspítala. Eru íslenskir hjartabilunarsjúklingar að fá meðferð í samræmi við klínískar leiðbeiningar Evrópsku hjartalæknasamtakanna?

Höfundur: Hrafnhildur Hauksdóttir er fædd þann 04. September árið 1996 á Selfossi. Foreldrar hennar eru Guðmundur Þorsteinsdóttir og Haukur Guðni Kristjánsson. Hrafnhildur útskrifaðist með stúdentspróf frá Fjölbrautarskóla Suðurlands árið 2015. Í kjölfarið hóf hún nám við Háskólann í Suður Flórída í Bandaríkjunum og lauk þar einni önn í líffræði, samhliða því að spila knattspyrnu. Hrafnhildur hóf nám í Lyfjafræði við Háskóla Íslands árið 2016. Hrafnhildur var skiptinemi í Lyfjafræði í eina önn við Háskólann í Gautaborg (University of Gothenburg in Sweden). Samhliða náminu eignaðist Hrafnhildur tvíburadætur sínar þær Guðmundu Hlíf og Kolfinnu Laufeyju, með maka sínum Ágústi Elí Björgvinssyni. Hrafnhildur hefur stundað knattspyrnu og starfaði hjá bæði Apóteki Suðurlands og Landspítala Íslands samhliða námi.



Stuttur útdráttur úr ritgerð:

Langflestir sjúklingar með bráða hjartabilun þróa með sér langvinna hjartabilun sem skiptist í þrjár mismunandi svipgerðir eftir útfallsbroti: skert (HFrEF), vægt skert (HFmrEF) og varðveitt (HFpEF). Klínískar leiðbeiningar ESC ráðleggja notkun á fjórum lyfjaflokkum fyrir svipgerð HFrEF. Sami ávinningur er talinn ná til HFmrEF sjúklunga en ekki til HFpEF svipgerðarinnar. Markmið rannsóknar var að rannsaka lyfjaávisanir vegna hjartabilunarinnlagna eftir svipgerðum og greina ástæður ófullnægjandi lyfjameðferðar. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar var einungis í 8% innlagna í hópi HFrEF ávísað fjórfaldri lyfjameðferð samkvæmt klínískum leiðbeiningum ESC óháð viðmiðunarskömmtum og í undir 3% innlagna í öðrum hópum. Það er lágt hlutfall af innlögnum með hjartabilun sem er á réttu lyfjameðferð samkvæmt klínískum leiðbeiningum ESC við útskrift. Helstu þekktu orsakavaldar eru lágþrýstingur og skert nýrnastarfsemi.